

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Seltjarnarneskaupstaður
Lúðvík Hjalti Jónsson,
framkvæmdastjóri
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 30. janúar 2006

Tilvísun: UST20051000093/sf

Aðalskipulag Seltjarnarness 2006-2024

Auglýst hefur verið tillaga að aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024. Umhverfisstofnun gaf umsögn um drög að tillögu að aðalskipulagi með bréfi dags. 1. desember 2005. Stofnunin vill ítrekari eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við skipulagstillöguna.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun telur að í umfjöllun um náttúruverndarsvæði í greinargerð með aðalskipulaginu sé rétt að fram komi að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig komi fram að leita skuli umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Í umfjöllun um um Valhúsahæð á bls. 12 í greinargerð segir m.a.:

„Stefnt er að því að aðrir hlutar hæðarinnar utan sérstaks svæðis fyrir íþróttir og fjölbreytta útivist verði áfram á Náttúruminjaskrá þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika gróðurs og náttúruvafars.“

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með framangreindu orðalagi, þ.e. að stefnt sé að því að aðrir hlutar Valhúsahæðar verði áfram á náttúruminjaskrá og þá jafnframt hvort hér sé vísað til þess svæðis sem er friðlýst. Umhverfisstofnun bendir á að náttúruminjaskrá þar sem fram koma upplýsingar um náttúruminjar, þ.m.t. náttúruverndarsvæði, er gefin út af umhverfisráðherra og eru allar breytingar á skránni því háðar samþykki hans.

Í umfjöllun um svæðið Seltjarnarnes og Suðurnes á bls. 12 í greinargerð aðalskipulagsins væri rétt að skýrt kæmi fram að um er að ræða svæði sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að í texta á bls. 38 í greinargerð aðalskipulagsins (Stefna aðalskipulagsins um verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar) stendur „náttúruverndarskrá” í stað „náttúruminjaskrá”.

Verndun vatns

Í greinargerð með aðalskipulaginu og í forsenduskýrslu er vitnað til gr. 4.21.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir: „Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar og reglugerðar um neysluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun.“

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki að fullu í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í stað einnar mengunarvarnareglugerðar hafa tekið gildi nokkrar reglugerðir sem varða tiltekna þætti mengunarvarna og hefur sú flokkun strandsvæða og vatnasvæða sem tilgreind er í skipulagsreglugerð tekið breytingum. Lagfæra þarf texta greinargerðar og viðauka með henni m.t.t. þessa, t.d. texta á bls. 38 (Viðauki I- Umhverfismat).

Matsskyldar framkvæmdir

Í kafla 9.7 *Matsskyldar framkvæmdir* í greinargerðinni kemur fram að fyrir liggi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir við sjóvarnargarða skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Vísað er til þess að í ákvörðun stofnunarinnar komi fram að til að koma í veg fyrir skemmdir á menningarminum vegna framkvæmdanna sé nauðsynlegt að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast við Lambastaðagrandu og Tjarnarstíg.


Umhverfisstofnun veur athygli á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 22. júlí 2004 um endurbætur á sjóvarnargörðum á Suðurnesi kemur fram að mikilvægt er að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um upphaf framkvæmdatíma. Jafnframt telur Skipulagsstofnun æskilegt að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um endanlegt umfang og staðsetningu fyllinga á svæðum A og B. Svæði A og B eru í hópi auðugustu fuglasvæða á Seltjarnarnesi auk þess sem við svæði A, B og C eru merkar setlagamyndanir, sem mikilvægt er að ekki verði raskað frekar en orðið er.

Úrgangur

Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem byggist á markmiðum landsáætlunar og skal þar tiltekið með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná þeim markmiðum. Svæðisbundinni áætlanagerð átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun veur athygli á að staðfest hefur verið sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðurland, Suðvesturland og Vesturland (Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020). Stofnunin telur rétt að það komi fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður